

## BÚLANDSVIRKJUN, HÓLMSÁRVIRKJUN OG TENGDAR RAFLÍNUR Í SKAFTÁRHREPPI

### Ákvörðun vegna sameiginlegs mats

#### NIÐURSTAÐA

Skipulagsstofnun hefur á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. tekið ákvörðun um að umhverfisáhrif Hólmsárvirkjunar (allt að 80 MW), Búlandsvirkjunar (allt að 150 MW) og flutningskerfi raforku frá þeim að byggðalínu í Skaftárhreppi skuli ekki meta sameiginlega.

#### Forsendur ákvörðunar á grundvelli 2. mgr. 5. gr.

Skipulagsstofnun átti fundi með fulltrúum framkvæmdaraðila 23. febrúar, 7. mars og 8. mars 2011 þar sem þeir hver um sig kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir sínar. Á fundi með fulltrúum Landsvirkjunar og Orkusölnunnar kom fram að innan skamms yrði auglýst tillaga að matsáætlun fyrir allt að 80 MW Hólmsárvirkjun í Skaftárhreppi. Á fundi með fulltrúa frá Suðurorku kom fram að innan skamms yrði auglýst tillaga að matsáætlun fyrir allt að 150 MW Búlandsvirkjun í Skaftárhreppi. Á fundi með fulltrúa Landsnets kom fram að vegna áforma um Hólmsárvirkjun og Búlandsvirkjun yrði að leggja raflínur frá virkjununum að meginflutningskerfi (byggðalínu) Landsnets og undirbúningur væri hafinn að tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar.

Skipulagsstofnun taldi að upp væri komin sú staða að stofnunin yrði að taka formlega ákvörðun um hvort þessar fyrirhuguðu framkvæmdir skyldi meta skv. ákvæðum 2. mgr. 5. gr. í lögum um mat á umhverfisáhrifum, um sameiginlegt mat. Í ákvæðinu stendur:

*"Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega."*

Samkvæmt þessu er ljóst að forsenda fyrir beitingu ákvæðisins er að þrjú skilyrði þurfi að vera uppfyllt. 1. Að um sé að ræða fleiri en eina fyrirhugaða matsskylda framkvæmd. 2. Að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir séu á sama svæði eða framkvæmdirnar háðar hver annarri. 3. Að Skipulagsstofnun hafi haft samráð við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur.

Í umræddu máli er um að ræða þrjár matsskyldar framkvæmdir, sem eru komnar á það stig að geta talist "fyrirhugaðar framkvæmdir", þ.e. nægjanleg gögn eru til staðar svo hægt er að leggja fram tillögu að matsáætlun, sem getur hlotið málsmeðferð skv. IV. kafla laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þessi skilningur á "fyrirhugaðri framkvæmd" birtist í úrskurði umhverfisráðherra vegna SV- lína, dags. 28. janúar 2010.

Óháð því hversu framkvæmdirnar eru tengdar hver annarri telur Skipulagsstofnun að um sé að ræða framkvæmdir á sama svæði og byggir þá túlkun sína á úrskurðum umhverfisráðherra vegna sameiginlegs mats virkjana, raflína og álvers á Bakka dags. 31. júlí 2008 og vegna sameiginlegs mats SV- lína, dags. 28. janúar 2010. Þar var litið svo á að „sama svæði“ næði til mun stærra svæðis en það svæði sem fyrirhugaðar framkvæmdir í Skaftárhreppi munu ná til.

Séu tvö fyrri skilyrðin fyrir beitingu ákvæðisins í 2. mgr. 5. gr. uppfyllt að mati Skipulagsstofnunar, ber henni samkvæmt því þriðja að hafa samráð við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur um hvort ástæða sé til þess að meta umhverfisáhrif framkvæmda sameiginlega. Séu öll skilyrði 2. mgr. 5. gr. uppfyllt stendur að auki eftir að ákvæðið felur í sér matskennda heimild fyrir Skipulagsstofnun og við beitingu hennar er stofnunin bundin af ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og öðrum ólögfestum meginreglum stjórnsýsluréttar.

Í úrskurði umhverfisráðherra vegna ágreinings um hvort að fyrirhugað álver í Helguvík og framkvæmdum því tengdu ættu að fara í sameiginlegt mat, dags. 3. apríl 2008, kom fram að til að sameiginlegt mat skv. 2. mgr. 5. gr. gæti farið fram og skilað tilætluðum árangri í samræmi við markmið 1. gr. laganna þurfi ákvörðun um slíkt mat að liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin um matsáætlun þeirrar framkvæmdar sem til umfjöllunar er hverju sinni. Því ber Skipulagsstofnun að taka sérstaka og sjálfstæða ákvörðun á grundvelli umrædds lagaákvæðis áður en ákvörðun er tekin um matsáætlanir þeirra einstöku framkvæmda sem til greina kemur að meta í hinu sameiginlega mati.

Í ljósi þess sem að framan er rakið taldi Skipulagsstofnun að allar forsendur væru fyrir því að stofnunin tæki á þessum tímapunkti ákvörðun um hvort meta ætti sameiginleg umhverfisáhrif Búlandsvirkjunar, Hólmsárvirkjunar og tengt raforkuflutningskerfi skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

#### **Málsaðstæður umsagnaraðila.**

Skipulagsstofnun hefur á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 haft samráð við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur fyrirhugaðra framkvæmda í Skaftárhreppi og fólst það í að leitað var umsagna þeirra.

Samráðsaðilar voru Landsnet, Landsvirkjun og Orkusalan, Suðurorka, Skaftárhreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Mannvirkjastofnun, Orkustofnun, Skógrækt ríkisins og Umhverfisstofnun.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Landsneti með bréfi dags. 23. mars 2011, Landsvirkjun og Orkusölnunni með bréfi dags. 23. mars 2011, Suðurorku með tölvupósti dags. 25. mars 2011, Skaftárhreppi með bréfi dags. 21. mars 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 25. mars 2011, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 1. apríl 2011, Orkustofnun með bréfi dags. 30. mars 2011, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 22. mars 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. mars 2011. Ekki barst umsögn frá Mannvirkjastofnun.

#### *Sjónarmið Landsnets.*

Í umsögn Landsnets kemur fram sú afstaða að fyrirtækið telji að ekki skuli meta sameiginlega línulögn Landsnets með Hólmsárvirkjun Landsvirkjunar og Orkusölnunnar annars vegar og

Búlandsvirkjun Suðurorku hins vegar. Landsnet leggur áherslu á að framkvæmdaraðilar þessara tveggja virkjanakosta séu óskyldir aðilar og í hvorugu tilviki liggi fyrir samningar um orkusölu. Því séu fyrirhugaðar framkvæmdir hvorki tengdar né háðar hvorri annarri í þeim skilningi að nauðsynlegt ef ráðist verði í aðra þeirra sé jafnframt nauðsynlegt að ráðast í hina. Landsnet telur að hægt sé að tryggja markmið laga um mat á umhverfisáhrifum með því að meta hverja framkvæmd fyrir sig óháð sameiginlegu mati. Landsneti sé þegar skylt að fjalla um í mati á umhverfisáhrifum þeirrar framkvæmdar sem hún ber ábyrgð á, sammögnunaráhrif þeirrar framkvæmdar með öðrum framkvæmdum sbr. 2. mgr. 9. gr. og ii- liður í 1. tölulið 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Þá skulu skv. a. lið 2. töluliðar 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum um tillögu að matsáætlun vegna framkvæmdar koma fram, eftir því sem við á upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir á sama svæði séu þær fyrir hendi. Landsnet telur með vísan í framangreint að sameiginlegt mat umræddra þriggja framkvæmda muni engu skila umfram það sem lögbundið ferli hversrar framkvæmdar fyrir sig muni leiða í ljós.

#### *Sjónarmið Landsvirkjunar og Orkusölnunnar.*

Landsvirkjun og Orkusalan leggjast alfarið gegn því að umhverfisáhrif Búlandsvirkjunar og Hólmsárvirkjunar verði metin sameiginlega og telja fyrirtækin að ekki séu fyrir hendi skilyrði fyrir sameiginlegu mat i skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, þ.e. Búlandsvirkjun og Hólmsárvirkjun séu hvorki á sama svæði né tengdar hvor annarri. Framkvæmdir við Búlandsvirkjun og Hólmsárvirkjun séu ekki tengdar hvor annarri landfræðilega þar sem um sé að ræða vatnsaflsvirkjanir á sitt hvoru vatnasviðinu.

Þá vísa Landsvirkjun og Orkusalan á það sem fram kom í úrskurði umhverfisráðherra vegna sameiginlegs mats virkjana, raflína og álvers á Bakka, dags. 31. júlí 2008 af hálfu ráðherra að það væri íþyngjandi fyrir framkvæmdaraðila ef ákveðið yrði að meta framkvæmdirnar sameiginlega skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Ákvæðið væri heimildarákvæði sem ekki ætti að beita nema að markmiðum laganna væri ekki náð með öðru og vægara móti. Fyrirtækin vísa til 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/993 þar sem kveðið er skýrt á um að stjórnvald skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að sé stefnt, verði ekki náð með öðru og vægara móti. Að mati Landsvirkjunar og Orkusölnunnar ehf. fæli það í sér brot á meðalhófsreglu stjórnisýslulaga ef niðurstaðan yrði sú að Búlandsvirkjun og Hólmsárvirkjun skuli metnar sameiginlega. Ástæða þess sé sú að unnt sé að ná lögmætu markmiði með því að fram fari sjálfstætt mat fyrir hvorn virkjanakost.

#### *Sjónarmið Suðurorku.*

Suðurorka leggst gegn því að umhverfisáhrif framkvæmda óskyldra aðila þ.e. Suðurorku í Búlandsvirkjun annars vegar og Landsvirkjun og Orkusölnunni í Hólmsárvirkjun hins vegar verði metin í einu sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum. Auk þess leggst Suðurorka gegn því að verkefni Landsnets við línulagnir til tengingar þessara tveggja virkjanakosta inn á landsnetið verði metin í sameiginlegu mati. Suðurorka bendir á að fyrirhugaðar virkjanir séu á sitthvoru vatnasvæðinu og því sé hvorki um samlegðar- né sammögnunaráhrif að ræða. Þá séu virkjanirnar fullkomlega óháðar hvor annarri, þannig að önnur virkjunin kalli ekki á tilveru hinnar. Landsnet þurfi hins vegar að taka mið af báðum verkefnum vegna tenginga við flutningskerfi raforku en það eitt og sér sé ekki nægjanleg forsenda fyrir sameiginlegu mati á öllum þremur verkefnum. Suðurorka greinir frá því að stefnt sé að því að hefja ferli mats á umhverfisáhrifum Búlandsvirkjunar með birtingu á drögum að tillögu að matsáætlun vorið 2011 og vinna nauðsynlegar rannsóknir sumarið 2011. Samkvæmt upplýsingum sem fulltrúar Suðurorku hafi frá verkefnisstjóra Hólmsárvirkjunar séu svipuð áform um rannsóknir

sumarið 2011 fyrir þá virkjun. Þrátt fyrir að fyrirtækin séu bæði að hefja mat á umhverfisáhrifum á svipuðum tíma gæti sú staða komið upp að annar aðilinn yrði að hægja á framgöngu síns verkefnis af einhverjum orsökum og þá væri vinna hins föst í sameiginlegu mati komi til þess og telur Suðurorka slíkt óásættanlegt fyrirkomulag. Suðurorka vísar til 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 um að stjórnvald skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar markmiði sé ekki hægt að mæta með öðru og vægara móti.

#### *Sjónarmið Skaftárhrepps.*

Sveitarstjórn Skaftárhrepps leggst eindregið gegn því að farið verði í sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum fyrir þessar virkjanir og raflínur í Skaftárhreppi. Rökstuðningur sveitarstjórnar sé sá að það eina sem tengi þessar framkvæmdir sé línulögnin, verði af báðum virkjunum, en línulögn hvorrar virkjunar fyrir sig geti staðið sjálfstætt verði ekki af áformum beggja virkjana. Þannig séu framkvæmdirnar ekki háðar hver annarri og geti allar unnist hver fyrir sig.

Þá bendir Skafárhreppur á að Búlandsvirkjun og Hólmsárvirkjun séu á sitthvoru vatnasvæðinu og umhverfisáhrif þeirra ekki tengd og hafi ekki áhrif á sama svæði nema að mjög takmörkuðu leyti. Stærð verkefnanna sé mjög misjöfn og megi ætla að lengri tíma þurfi til að meta umhverfisáhrif Búlandsvirkjunar heldur en Hólmsárvirkjunar, þar með gæti eitt verkefni tafið framgang annars verði af sameiginlegu mati. Ekki sé um sama framkvæmdaaðila að verkefnunum að ræða og óvíst hver afdrif verkefnanna verði hætti einn framkvæmdaaðili við sitt verkefni. Þá bendir Skafárhreppur á að við undirbúning Hólmsárvirkjunar sé búið að ljúka samningum við alla landeigendur vegna vatnsréttinda og lands sem fer undir virkjanaframkvæmdir. Sveitarstjórn sé ekki kunnugt um að búið sé að ljúka samningum við alla landeigendur vegna lands og vatnsréttinda fyrir Búlandsvirkjun.

Þannig telur Skaftárhreppur að framkvæmdirnar séu ekki háðar hver annarri og geti allar unnist hver fyrir sig. Sveitarstjórn telji því réttast að hver framkvæmdaaðili fyrir sig skili inn mati á umhverfisáhrifum fyrir sitt verkefni.

#### *Sjónarmið Fornleifaverndar ríkisins.*

Fram kemur í umsögn Fornleifaverndar ríkisins að almennt séð sé stofnunin fylgjandi sameiginlegu mati tengdra framkvæmda eða framkvæmda á sama svæði. Vegna skorts á upplýsingum um fornleifar í því tilfalli sem hér um ræðir sé ekkert hægt að fullyrða um það hvort sameiginlegt mat sé líklegt til að leiða til annarrar niðurstöðu á mati áhrifa framkvæmdanna á fornleifar en ef framkvæmdirnar yrðu metnar hver fyrir sig.

#### *Sjónarmið Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur að um umfangsmiklar breytingar á vatnasviðum og umhverfi sé að ræða, því beri því að vinna sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

#### *Sjónarmið Orkustofnunar.*

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að fyrirhugaðar virkjanir séu á sitt hvoru vatnasvæðinu, Hólmsárvirkjun á vatnasvæði Hólmsár og Búlandsvirkjun á vatnasvæði Skaftár og Tungufljóts. Auk þess að vera á sitthvoru vatnasvæðinu þá séu áform um stærð virkjananna séu ólík og ljóst að umhverfisáhrif virkjanaáformanna verði ólík vegna stærðar sinnar og landfræðilegra aðstæðna. Með því að meta umræddar virkjanahugmyndir sameiginlega gæti matið útilokað val á hagkvæmum virkjanakosti, m.a. vegna þess að tilgreindar virkjanir fái ólíkar einkunnir og þar með röðun í fyrirliggjandi drögum að niðurstöðum í 2. áfanga rammaáætlunar. Af

Þessu gæti leitt að óhagkvæmari þriðji kostur, bæði varðandi umhverfisáhrif og kostnað yrði valinn aðeins á þeim grundvelli. Væri hins vegar um að ræða sameiginlegt mat á öðrum virkjanakostinum annars vegar og raflínunum vegna hans hins vegar horfði öðru vísi við, enda félli önnur framkvæmdin um sjálfa sig ef ekki yrði af hinni í því tilfalli. Orkustofnun telur mikilvægt að uppbygging raforkukerfisins geti orðið með sveigjanlegum hætti og með hliðsjón af hagsmunum allra aðila. Telja verði að sameiginlegt mat á tveimur ólíkum virkjanakostum af ólíkri stærð, tveggja ólíkra aðila á sínu hvoru vatnasviðinu sé ekki til þess fallið að stuðla að slíkri uppbyggingu.

#### *Sjónarmið Skógræktar ríkisins.*

Fram kemur að Skógrækt ríkisins hafi kynnt sér fyrirbyggjandi áform við virkjanir og línulögn í Skaftárhreppi. Samkvæmt þeim upplýsingum verði um töluverða skógareyðingu að ræða við virkjun Hólmsár. Ekki verði séð að Búlandsvirkjun eða línulagnir tengdar þessum mannvirkjum orsaki skógareyðingu í Skaftárhreppi. Að þessum ástæðum telur Skógrækt ríkisins fyrir sitt leyti að ekki sé nauðsyn á sameiginlegu mati umhverfisáhrifa vegna þessara framkvæmda.

#### *Sjónarmið Umhverfisstofnunar.*

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að hafa í huga að Hólmsárvirkjun og Búlandsvirkjun séu fyrstu stóru framkvæmdirnar á svæði sem er að miklu leyti ósnortið. Umhverfisstofnun vísar til þess sem fram kemur í greinargerð og umhverfisskýrslu um Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 þar sem fjallað er um virkjanirnar. Í umsögn Umhverfisstofnunar er vikið að helstu umhverfisáhrifum hvernar framkvæmdar fyrir sig. Þar er m.a. bent á að vegna Hólmsárvirkjunar sé ljóst að Hólmsárfoss muni verða fyrir umhverfisáhrifum og í áætluðu lönsstæði Hólmsárvirkjunar muni birkikjarr fara undir lónið. Umhverfisstofnun bendir á að Búlandsvirkjun muni hafa bein áhrif á Skaftáreldahraun en stofnunin hafi í umsögnum sínum ætíð bent á að vernda skuli Skaftáreldahraun í heild sinni, enda mesta hraun er runnið hafi úr einu gosi á heimsvísu og verndargildi þess því mikið. Ef af framkvæmdum Hólmsárvirkjunar og Búlandsvirkjunar verður muni raflínur verði lagðar frá ofangreindum virkjunum að núverandi bygðarlínu.

Að mati Umhverfisstofnunar eru ofangreindar tvær virkjanir ekki fyrirhugaðar á sama svæði, þ.e. þær rjúfa ekki sömu landslagsheildir, hafa ekki áhrif svæði á náttúruinjasrá né rjúfa sameiginleg svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þó svo að hvor framkvæmd fyrir sig skerði svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Þar að auki er ekki um að ræða framkvæmdir sem eru háðar hvor annari.

Það er mat Umhverfisstofnunar að ekki sé nauðsynlegt að meta saman umhverfisáhrif Hólmsárvirkjunar og Búlandsvirkjunar skv. ákvæðum 2. mgr. 5 gr. laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

#### **Niðurstaða Skipulagsstofnunar**

Fyrirhugað er að hefja mat á umhverfisáhrifum þriggja framkvæmda í Skaftárhreppi. Um er að ræða allt að 80 MW Hólmsárvirkjun á vatnasviði Hólmsár og allt að 150 MW Búlandsvirkjun á vatnasvæði Skaftár og Tungufljóts. Þessum virkjunum mun tengjast flutningskerfi raforku, vegna Hólmsárvirkjunar er nauðsynlegt að reisa eina 132/220 kV háspennulínu frá virkjuninni að tengipunkti við Fremri-Tólfahringa. Verði af Búlandsvirkjun kann hins vegar að reynast nauðsynlegt að reisa tvær línur frá Búlandsvirkjun að Fremri-Tólfahringum.

Skipulagsstofnun telur að allar forsendur séu til þess að stofnunin taki ákvörðun um hvort meta skuli umhverfisáhrif umræddra framkvæmda skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Um er að ræða heimildarákvæði og áður en ákvörðun er tekin skal liggja fyrir samráð við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur. Skipulagsstofnun hefur kynnt sé afstöðu þeirra sem veittu umsögn um málið og byggir niðurstöðu sína m.a. á þeim umsögnum

Ráða má af umsögunnum að fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki fyllilega háðar hver annari, þ.e. virkjanirnar geta staðið óháð hvor annari, en virkjanirnar eru hins vegar báðar háðar því að til þeirra verði lagðar raflínur. Þá er ekki um að ræða að þeir framkvæmdaraðilar sem hér um ræðir hafi gert samning við ákveðinn orkukaupanda. Aftur á móti lítur Skipulagsstofnun svo á að umræddar framkvæmdir teljist vera á sama svæði, með vísan í rökstuðnings í fyrrgreinda úrskurði umhverfisráðherra vegna sameiginlegs mats virkjana, raflína og álvers á Bakka dags. 31. júlí 2008 og vegna sameiginlegs mats SV- lína, dags. 28. janúar 2010. Hins vegar kemur fram m.a. í umsögn Orkustofnunar að virkjanirnar séu á sitt hvoru vatnasviðinu og eins segir Umhverfisstofnun að þær muni ekki rjúfa sömu landslagsheildir, ekki hafa áhrif svæði á náttúruminjaskrá né rjúfa sameiginleg svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þá telur Orkustofnun að umhverfisáhrif virkjananna verði ólík vegna stærðar og landfræðilegra aðstæðna og bendir jafnframt á að virkjanirnar hafi hlotið ólíkar einkunnir í fyrirliggjandi drögum að niðurstöðum í 2. áfanga rammaáætlunar.

Markmið með því að meta umhverfisáhrif framkvæmda felast m.a. í því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, stuðla að samráði hagsmunaaðila og kynna almenningi umhverfisáhrif framkvæmdanna áður en Skipulagsstofnun veitir álit sitt. Við afgreiðslu mála ber Skipulagsstofnun að taka mið af markmiðum og ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum sem og reglum stjórnisýsluréttar.

Ákvæði um sameiginlegt mat skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er frekar opið ákvæði og ekki skýrt frekar í reglugerð. Sé tekið mið af úrskurði umhverfisráðherra vegna virkjana, raflínulagna og álvers á Bakka dags. 31. júlí 2008 sem kvað á um sameiginlegt mat, var það talinn ávinningur að niðurstöður mats á umhverfisáhrifum lægi fyrir á sama tíma og lögð áhersla á heildaráhrif og samlegð framkvæmdanna á umhverfi sitt. Skipulagsstofnun telur að þar hafi skipt máli að framkvæmdirnar voru strax í upphafi hugsaðar sem ákveðin heild og orkukaupandinn algerlega háður því að af virkjunum og raflínum yrði. Í því tilfelli varpaði sameiginlega matið þar með ljósi á að umhverfisáhrif fyrirhugaðs álvers á Bakka væru ekki eingöngu bundin við næsta nágrenni álversins, heldur hefði framkvæmdin umhverfisáhrif langt út fyrir það svæði. Skipulagsstofnun telur hins vegar mikilvægt að horfa til þess að í tilviki fyrirhugaðra virkjana og raflínulagna í Skafárhreppi eru aðstæður aðrar. Virkjanaáformin eru ekki knúin áfram vegna samninga um sölu rafmagns til eins stórkaupanda og ekki tengdar framkvæmdir í þeim skilningi. Þá er um er að ræða virkjanir sem eru fyrir margra hluta sakir ólíkar og óvíst í hvaða flokka (nýtingar-, bið- eða verndarflokk) þær munu falla verði frumvarp í tengslum við Rammaáætlun að lögum. Komi til þess að virkjanirnar lendi í ólíkum flokkum gæti komið upp sú staða að virkjanaaðilar breyti þeim áformuðu tímaáætlunum sem unnið er eftir núna og þar með gæti það verið annmörkum háð að vinna sameiginlegt mat þeirra.

Ákvæði um meðalhófsreglu er að finna í 12. gr. stjórnisýslulaga nr. 377/1993. Í henni felst fyrst og fremst að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar því lögmeta

markmiði sem að er stefnt verður ekki náð með öðru og vægara móti. Í þessu tilviki myndi hið lögmæta markmið teljast vera að upplýst verði um umhverfisáhrif framkvæmdar og að dregið yrði eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum hennar, eins og því er nánar lýst í 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að með því að hver framkvæmdaraðili vinni mat á umhverfisáhrifum hverrar framkvæmdar fyrir sig, í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum sé markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum fullnægt, sbr. 1. gr. Í mati hverrar framkvæmdar fyrir sig skal veita upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir á sama svæði og fjalla um sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum. Að mati Skipulagsstofnunar er ljóst að sameiginlegt mat umræddra framkvæmda í Skaftárhreppi feli ekki í sér þann ávinning, að það geti talist ásætlanlegt að taka slíka ákvörðun sé tekið mið af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 377/1993.

Í ljósi framangreinds tekur Skipulagsstofnun hér með þá ákvörðun skv. 2. mgr. 5. gr. í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 að umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda við Búlandsvirkjun, Hólmsárvirkjun og flutningskerfi raforkum þeim tengdum skuli ekki meta sameiginlega.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. maí 2011.

7. apríl 2011

Stefán Thors

Rut Kristinsdóttir